

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, miðbær Egilsstaða, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 30. janúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að þjóðvegur 1 vestan við miðbæ Egilsstaða hliðrast um nokkra tugi metra til vesturs á um 1 km kafla. Samhliða hliðrast helgunarsvæði vegarins til vesturs og minnkar því opið svæði til sérstakra nota (U7 tjaldstæði) og landbúnaðarsvæði sem því nemur. Miðsvæði sunnan Fagradalsbrautar, meðfram þjóðvegi 1, stækkar til suðurs og vesturs sem nemur 8,1 ha þar sem áður var athafnasvæði. Veghelgunarsvæði (óbyggt svæði) er skilgreint meðfram þjóðvegi 1 beggja vegna Fagradalsbrautar þar sem áður var miðsvæði. Gatna-kerfi innan miðsvæðis breytist og tengingar inn á svæðið frá þjóðvegi 1 og Fagradalsbraut breytast eða hliðrast. Lega stíga á og við miðsvæðið breytist og stígur meðfram þjóðvegi 1 fellur út.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. janúar 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.